



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna tveggja
línulagna í Árneshreppi*

Atli Rúnarsson

Ágúst 2025

NV nr. 22-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Ágúst 2025
Skýrsla nr: NV nr. 22-25	Verknúmer: 703	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna tveggja línulagna í Árneshreppi		Unnið fyrir: Orkubú Vestfjarða
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning vegna línulagna á Gjögri og Krossnesi í Norðurfirði. Alls voru fjórar minjar skráðar á lagnaleiðunum, tvær á hvorri jörðinni.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlarið af: KSR

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðafræði	4
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
3.2	Skráning fornleifa	6
4.	Saga Gjögurs	6
5.	Saga Krossness	7
6.	Heimildaskrá	9
7.	Fornleifaskrá	10
8.	Niðurstöður	14
9.	Kort	15

1. INNGANGUR

Að beiðni Júlíusar Jónssonar hjá Orkubúi Vestfjarða gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna línulagna á tveimur reitum í Árneshreppi.

Áform eru um að leggja línu á rúmlega 300m kafla í Gjögri og á um 3km kafla í Norðurfirði.

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram dagana 10. og 11. júlí 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðin voru á Gjögri og á jörð Krossness í Norðurfirði. Skráð var 15m frá miðlínu strenglagnarinnar, þ.e. skráningarsvæðið var 30m breitt.

Á Gjögri var skráningarsvæðið á um 300m kafla og var stærsti hluti þess meðfram Gjögurvegi.


Í Norðurfirði var skráningarsvæðið um 3km langt og lang stærsti hluti þess meðfram Fellsvegi.

3. AÐFERÐAFRÆÐI


Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðanna er merkt með gulri stjörnu.



Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu á Gjögri.



Mynd 3. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu í Norðurfirði.

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skýlt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalousu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3470 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3470-001.

4. SAGA GJÖGURS

Í Grettis sögu Ásmundarsonar var sagt: „Í þann tíma kom hallæri svá mikit á Íslandi, at ekki heifir janmikit komit. Þá tók af nálíga allan sjáfaraflo ok reka. Þat stóð yfir mörg misseri. [...] Þorsteinn hét maðr, er bjó á Reykjanesi. Hann fann hval rekinn innan fram á nesinu, þar sem hét á Rifskerjum; þat var reyðr mikil. Hann sendi þegar mann til Flosa í Vík, ok svá til næstu bæja. Einarr hét sá maðr, er bjó at Gjögri; hann var landseti, Kaldbekinga, ok skilda geyma reka þeirra þeim megin fjarða.“¹

Minnst var á Gjögur í máldaga kirkjunnar í Tungu í Steingrímsfirði frá 1317 en þar sagði að kirkjan átti settung í öllum reka að Gjögri.² Næst var minnst á Gjögur í rekaskrá Helgafellsklosturs frá 1355 og var sagt að klaustrið átti áttung í hvalreka að Gjögri.³ Eins var minnst á Gjögur í máldaga Helgafellsklosturs frá 1377-1378 og átti klaustrið þá enn áttung í hvalreka að Gjögri⁴ og sama var að segja í rekaskrá Helgafellsklosturs frá 1397 og 1398.⁵

Minnst var á Gjögur í skrá um eignir Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung. Þá var sagt: „*Gjogur iiij^c. ij kugilldi med.*“⁶ Einnig var minnst á Gjögur í skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 1467.⁷

Gjögur var einnig í skiptabréfi eftir Ólöfu Loptsdóttur milli Þorleifs og Einars Björnssonar frá 1480: „*Item hlaut einar norðr a straundum. kamb oc ofeigsfiord. kleifar oc auik. finn bogastader. kios oc nastvíjk. kersuogr oc giögr. bær oc eyr. ingolfsfiordr oc hruteyiarstraund. Reiknuduzt þessar iarder .c. hundrada oc .xx. c^m betur.*“⁸ Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar frá 1509 var sagt að dýrleiki Gjögurs væri fjögur hundruð.⁹

Minnst var á Gjögur í minnisgreinum Gissurar biskups frá 1541 og þar var sagt að séra Þorleifur hafði umboð með Árvík, Gjögri, Kambi og Bæ á Selströnd.¹⁰ Eins kom Gjögur fram í skrá um jarðir sem Ögmundur biskup átti í Vestfjörðum og í Borgarfirði sem voru teknar undir konungsvaldið frá 1541¹¹ og lá þá Gjögur í eyði.¹²

¹ Grettis Saga, 1853, bls. 17-18

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 407-408

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 106

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 327

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 169 & Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 633

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 687

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 51

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 255-256

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 266-267

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 664

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 679

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 681

Í reikningakveri Eggerts Hannessonar árin 1570-1571 var sagt að Gjögur væri í eyði og hefði verið lengi og því engin landskuld greidd af jörðinni.¹³ Í Gíslamáldaga frá því um 1570 var sagt að kirkjan í Tungu í Tungusveit ætti sjöttung í öllum reka á Gjögri.¹⁴

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1706, var sagt um Gjögur:

Jarðardýrleikinn var iiiii hundruð. Tveir eigendur voru að jörðinni og skiptu þeir henni til helminga. Landskuldin var lx álnir sem var oftast greidd í ríkisdöllum en stundum með fiski. Leigukúgildin voru i og voru þau greidd eins og landskuldin. Engar kvaðir voru á jörðinni og viður til húsa var fenginn úr reka, sem var sæmilegar þegar til vildi. Áttungur úr hvalreka var eignaður Helgafellskirkju. Á jörðinni voru einnig átta vermannabúðir.¹⁵

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Gjögur væri í bændaeign, dýrleikinn var 4, landskuldin 0,40, kúgildin 1 og ábúendur 1 leigjandi.¹⁶

5. SAGA KROSSNESS

Minnst var á Krossnes í skrá um þá reka, sem Jón biskup Sigurðsson, lagði til Skálholtsstaðar fyrir Ströndum árið 1344. Þar var sagt að Jón biskup lagði áttung ágóða á Krossnesi til Skálholts.¹⁷

Næst var minnst á Krossnes í bréfi frá árinu 1500 en þá hafði Narfi Sigurðsson og Sigurður Narfason fengið Finnboga lögmanni Jónssyni og Teiti Þorleifssyni til fullrar eignar jarðirnar Ásgeirsár í Víðidal og Krossnes, Mela, Norðrfjörð og Seljanes á Ströndum fyrir „*bann mismun og féskakka, sem Árni Þorleifsson, Sigurður Þorleifsson og Teitr Þorleifsson höfðu feingið í arfaskipti við Orm Bjarnason eptir Sophíu Loptsdóttur föðurmóður þeirra.*“¹⁸ Eins var minnst á Krossnes í dómi „*útnefndr af Finnboga lögmanni Jónssyni um afl og gildi útlúkningarbréfa Narfa Sigurðssonar og Sigurðar Narfasonar um Ásgeirsár, Lækjamót og fjórar jarðir á Ströndum til Finnboga lögmanns og Teits Þorleifssonar.*“¹⁹

Árið 1511 var dómur útnefndur af Sturlu Þórðarsyni um ákæru Sturlu til Jóns Jónssonar um ásetu og yrkingu á jörð konu sinnar, Guðlaugar Finnbogadóttur, þriðjunginn í Krossnesi.²⁰

Árið 1522 var Krossnes í skrá um jarðir Teits lögmanns Þorleifssonar.²¹ 1539 fékk Ögmundur biskup í Skálholti Daða Guðmundssyni jarðir þær á Ströndum sem Ormr Sturluson hafði fengið biskupi og var Krossnes þar á meðal.²²

Minnst var á Krossnes í skrá um eignir Daða í Snóksdal frá 1563-1564: „*Item med Krossnesse .vj. quilldi. jord iiijc og xx landskylld vij agilldi j busgagne.*“²³

¹³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 507

¹⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 558-559

¹⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 342-344

¹⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 211

¹⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 785

¹⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 505-506

¹⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 649-650

²⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 351

²¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 92-93

²² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 469-470

²³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 206

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1706, segir um Krossnes:

Jarðardýrleikinn var xxiii hundruð og jarðareigandi var Einar Einarsson eldri að Klukkufelli við Króksfjörð, en umráð og ágóða af jörðinni hafði móðir hans Ragnheiður Jónsdóttir að Hlíð við Þorksafjörð. Tveir ábúendur voru á jörðinni og skiptu þeir henni til helminga. Landskuld af allri jörðinni var vii ærgildi og var hún greidd í óákveðnum landaurum. Áður hafði landskuldin verið ij hundruð og fylgdi þá rekinn með. Engar kvaðir voru á jörðinni og viður til húsa var tillagður af reka. Mjög lítil silungsveiði hafði áður verið í síki einu úr sjó en var nú engin, selveiði var lítilsháttar og reki sæmilegur. Árnesskirkja fékk tíundapart úr öllum hvölum sem ráku á land og Skálholtskirkja fékk fjórðung hvalreka milli Gils og Melslækjar. Tún spilltist mjög af sandfoki og kulda og engjar höfðu spillst af leir og grjóti. Fjöll voru hættuleg útigangspeningi á vetrum og vatnsból náðist mjög illa á vetrum vegna fanna. Einnig var stórviðrasamt sem var hætt fyrir hey. Báðir ábúendur áttu skip sem gengu á hákarla á vorin. Minnst er á eina hjáleigu, Steintún, og hafði hún verið reiknuð iii hundruð af jörðinni. Þar sást gamall túngarður en hjáleigan hafði fallið í eyði sex árum áður en jarðabókin var gerð.²⁴

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Krossnes væri í bænda eign, dýrleikinn var 24, landskuldin 1,0, kúgildin fjögur og ábúendur voru 2 eigendur.²⁵


²⁴24 Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 332-333


²⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 212


6. HEIMILDASKRÁ


- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.
- Birna Lárusdóttir, Oddgeir Hansen & Uggi Evarsson. (2003). *Fornleifaskráning í Árneshreppi I: Fornleifar frá Gjögri til Ingólfsfjarðar*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Grettis Saga.* (1853). Kaupmannahöfn: Nordiske Literatur-Samfund.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Örnefnastofnun. (án dags.). Örnefaskrá - Gjögur. Reykjavík: Örnefnastofnun.
- Örnefnastofnun. (án dags.). Örnefnaskrá - Krossnes. Reykjavík: Örnefnastofnun.

7. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Gjögur	Gjögur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.7.2025	393127	612211
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Garðlag	Túngarður	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3470-001	1550-1950	 Mynd 4. Uppmæling af garðlagi [3470-001].	
Vegghæð	Veggjabykk		
0 – 0.1m	0.6m		
Ástand	Friðlýst		
Illgreinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna veitulagna		
Lýsing			
Túngarður, mjög siginn og illgreinanlegur. Garðlagið er þó vel greinanlegt á loftmynd. Greinanleg hæð þess er mest um 0.1m og breidd um 0.6m. Garðlagið er rúmlega 50m langt en hefur mögulega verið lengra en gæti hafa verið rofið af framræsluskurði [3470-002].			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 5. Horft NA eftir garðlagi [3470-001].	Á grasivöxnu svæði þar sem Gjögurvegur kemur inn í þorpið.		
	Athugasemd		
	Línulögnin er um 6m vestan við SV enda garðsins.		
	Heimildir		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Gjögur	Gjögur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.7.2025	393127	612288
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Niðurgröftur	Framræsla	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3470-002	1550-1950		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna veitulagna		
Lýsing			
Handgraffinn skurður, um 1m djúpur, 1m breiður og um 100m langur. Skurðurinn veitir vatni frá túninu sunnan við hann.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 7. Horft SA yfir framræsluskurð [3470-002].		NV endi skurðsins er við Gjögurveg og liggur hann í SA. Ofan við sléttað tún fast norðan við þorpið.	
		Athugasemd	
		Línulögnin er innan við 1m frá NV enda skurðsins.	
Heimildir			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Krossnes	Krossnes
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.7.2025	386457	619170
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Niðurgroftur	Framræsla	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	<i>Ljósmynd / teikning</i>  Mynd 8. Uppmæling af skurði [3470-003].	
3470-003	1550-1950		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Mikil hætta	Vegna veitulagna		
Lýsing			
Handgraffinn skurður sem liggur yfir sléttað tún hjá bænum Krossnesi. Skurðurinn er um 1m breiður, um 0.5m djúpur og um 200m langur.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 9. Horft austur yfir skurð [3470-003]		Á sléttaðu túni sunnan við Fellsveg.	
		Athugasemd	
		Línulögnin þverar skurðinn.	
		Heimildir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Strandasýsla	Árneshreppur	Krossnes	Krossnes
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.7.2025	385521	619192
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Láturhús	Tóft	Híbyli	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3470-004	1550-1950		
Veggahæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Greinanlegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna veitulagna		


Mynd 10. Uppmæling af Láturhúsum [3470-004].

Lýsing

Í örnefaskrá Krossness segir: „Upp af Fúlúvík eru Láturhús, merki um tóftir. Þarna mun hafa verið býli. Láturhúsapartur var slægjulendi þar umhverfis. Frá Bergi út að Torfdal og Leiti mun einu nafni hafa verið kallað Látur.“

Láturhús voru áður skráð af Fornleifastofnun Íslands: „Bletturinn er kargapýfður. Tóftin er mjög ógreinileg, ekki síst vegna þess að framræsluskurðir eru á alla kanta og því erfitt að greina hvað er uppmokstur og hvað hugsanlegar hleðsluleifar. Allt svæðið er 23m norður-suður og 35m austur-vestur en flöturinn sem líkist mest tóft er 12m austur-vestur og 4m norður-suður. Út úr honum austast gengur garðbrot í hánorður, um 6m langt. Nánast ekkert grjótt er sjáanlegt í tóftinni.“

Líklega hefur hluta tóftarinnar verið rutt í burt þegar Fellsvegur var lagður og er jarðsímastaur í miðri tóftinni, þannig hún hefur verið plægð á einhverjum tímapunkti. Það er merki um hve illgreinanleg tóftin er að mæling FSÍ frá 2003 er gjörólík uppmælingunni í þessari skýrslu. Veggjahæð er frá 0 – 1m og veggjabreidd, þar sem hún er greinanleg er um 1.3m.

Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir
	Á grasivöxnum bakka fast norðan við Fellsveg á milli tveggja skurða.
	Athugasemd
	Línulögnin er 1 – 4m frá suður hlið tóftarinnar.
	Heimildir
	Birna Lárusdóttir, Oddgeir Hansen & Uggi Ævarsson, 2003, bls. 92 Örnefnaskrá - Krossnes

Mynd 11. Horft austur yfir Láturhús [3470-004]

8. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru fjórar minjar skráðar á lagnaleiðunum, tvær á hvorri. Minjar [3470-001] og [3470-002] eru á lagnaleiðinni í Gjögri og minjar [3470-003] og [3470-004] eru á lagnaleiðinni í Krossnesi.

Samkvæmt menningarminjalögum hafa fornminjar 15m friðhelgunarsvæði út frá ystu greinanlegu mörkum þeirra. Allar minjarnar eru að einhverjum hluta innan áhrifasvæðis framkvæmdanna og mun línulögnin liggja þvert yfir skurð [3470-003].

Vert er að benda á að, samkvæmt menningarminjalögum, ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdina strax og tilkynna Minjastofnun Íslands um fundinn sem mun þá taka ákvörðun um framhaldið.

9. KORT



- Skráningarsvæði
- Línulögn
- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - flákar

0 25 50 75 m

Kort 2. Yfirlitskort yfir skráðar minjar á Gjögri.

Skali 1:1500

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



Kort 2. Yfirlitskort yfir skráðar minjar á Krossnesi.




- Skráningarsvæði
- Línulögn
- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - flákar

0 100 200 300 m

Skali 1:5000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



Kort 3. Láturhús [3473-003].



- Skráningarsvæði
- Línulögn
- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - flákar

0 10 20 30 m

Skali 1:500


Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



- Skráningarsvæði
- Línulögn
- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - flákar

0 20 40 60 m



Kort 4. Skurður [3473-003] í túni Krossness.

Skali 1:1000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson